

Miðvikudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 215/1983. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

**Eyjólfi Erni Jóhannssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1983. Af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu samkvæmt II. kafla ákæru, upp-töku á 3 filmuboxum með innihaldi og greiðslu sakarkostnaðar. Þá er krafist sakfellingar samkvæmt III. kafla ákæru. Enn fremur hækkunar á fangelsisrefsingu frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi, og að ákærði verði dæmdur til greiðslu á öllum áfrýjunarkostnaði málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti.

Af ákærða hálfu er krafist sýknu honum til handa og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Ágrip barst Hæstarétti 29. febrúar 1984.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vararefsing sektar verði fangelsi í 15 daga og greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000.00 krónur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vararefsing sektar verði fangelsi 15 daga og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talín saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvara-  
arlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar  
Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000.00 krónur.

### **Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. október 1983.**

Ár 1983, miðvikudaginn 12. október, er á dómþingi sakadóms í ávana-  
og fíkniefnamálum, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Haraldi  
Henryssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/  
1983: Ákærvaldið gegn Eyjólfí Erni Jóhannssyni, sem tekið var til dóms  
4. þ.m.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 11. janúar  
1982, á hendur ákærða, Eyjólfí Erni Jóhannssyni, Fálkagötu 3, Reykjavík,  
fæddum 26. september 1954 á Hólmavík. Í ákærinni eru ákærða gefin að  
sök eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfínni:

#### „I.

Um jólin 1978 selt Kristjáni Eggerti Gunnarssyni, Kvisthaga 27, Reykja-  
vík, 1 gramm af amfetamíndufti á kr. 25.000.- og 4 - 5 töflur af LSD á  
kr. 1.000.- hverja töflu, en efni þessi hafði ákærði með einhverjum hætti  
komist yfir. Afhending efnanna fór fram á heimili ákærða að Fálkagötu  
3, Reykjavík.

#### II.

Á tímabilinu frá lokum febrúar fram í september 1979 selt nefndum  
Kristjáni Eggerti Gunnarssyni samtals 2.600 grömm af marihuana, sem á-  
kærði hafði með einhverjum hætti komist yfir, og fóru afhendingar efnisins  
ýmist fram á heimili ákærða að Fálkagötu 3 eða á heimili Kristjáns Eggerts  
að Kvisthaga 27. Söluverð á hverju grammi var frá kr. 1.100.- til kr.  
1.500.-.

#### III.

Í júlí og ágúst 1979 selt Sigurði Páli Sverrissyni, Stigahlíð 32, Reykjavík,  
samtals allt að 600 grömmum af marihuana, sem ákærði hafði með ein-  
hverjum hætti komist yfir, og fóru afhendingar efnisins að jafnaði fram  
á heimili ákærða að Fálkagötu 3. Söluverð á hverju grammi var kr. 2.300.-.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga  
um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. nú lög nr. 60, 1980, og 2. gr.,  
sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390,  
1974, sbr. auglýsingu nr. 290, 1978 að því er varðar meðferð ákærða á  
amfetamíni sbr. I. kafla ákærunnar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess ennfremur krafist, samkvæmt heimild í 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65, 1974, að upptæk verði gerð þrjú filmubox, sem hald var lagt á þann 6. september 1979 á heimili ákærða að Fálkagötu 3, Reykjavík, og innihéldu leifar af kannabisefnum.“

Málavextir eru sem hér segir:

#### A.

Hinn 4. september 1979 kom til yfirheyrslu hjá Fíkniefnadeild lögregluunnar í Reykjavík Sigurður Páll Sverrisson sjómaður, fæddur 22. 11. 1952, Stigahlíð 32, Reykjavík, vegna gruns um fíkniefnamisferli. Við yfirheyrslu hjá lögreglu og síðar hjá dómara daginn eftir viðurkenndi Sigurður Páll að hafa átt ýmis viðskipti með fíkniefni. Tilgreindi hann þar meðal annars sem seljendur á fíkniefnum til sín Kristján nokkurn, sem búsettur væri í risibúð við Kvisthaga, og pilt að nafni Eyjólfur, sem væri frá Sauðárkróki, er hann síðar staðfesti, að væri ákærði í máli þessu. Sagði hann, að Kristján hefði boðið sér marihuana til kaups u.þ.b. í kringum 17. júní þ.á. og hafi það orðið upphaf allviðtækra viðskipta næstu 3 vikur. Hafi afhendingar orðið allmargar, en misstórar og ávallt, eða með einni undantekningu, í íbúð Kristjáns að Kvisthaga. Oftast hafi verið um staðgreiðslu að ræða og einingarverð kr. 2.000 eða 2.500 pr. gr. Engin vitni hafi verið að viðskiptum önnur en eiginkona Kristjáns nokkrum sinnum í íbúð þeirra, er Sigurður Páll kom þangað, en Kristján hafi jafnan beðið hana að ganga afsíðis, sem hún gerði. Viðskiptum þessum hafi lokið, þar sem efnið gekk til þurrðar 7 - 10 dögum áður en Kristján hélt ásamt eiginkonu sinni til Bandaríkjanna.

Um sama leyti og efnið gekk til þurrðar hjá Kristjáni, kynnti hann Sigurð Pál fyrir ákærða. Átti hann að sögn von á marihuana og lofaði að láta Sigurð Pál vita, þegar svo yrði. Byrjuðu viðskipti milli þeirra nokkrum dögum síðar og stóðu fyrst í tæpa viku, en þá varð um viku hlé vegna dvalar ákærða á Sauðárkróki, en síðan urðu viðskipti í 8-10 daga eftir komu hans þaðan. Efnið frá ákærða var annarrar gerðar og lélegra en Sigurður Páll hafði áður fengið hjá Kristjáni. Afhendingar fóru jafnan fram í íbúð við Fálkagötu, er ákærði virtist hafa til umráða að hluta, og jafnan staðgreitt kr. 2300.- pr. gr og vigtað á staðnum af ákærða á nokkuð sérkennilega vigt, sem Sigurður Páll taldi, að Kristján hefði áður notað. Taldi Sigurður Páll, að han hefði á þessu tímabili keypt 400 - 500 gr, vægt reiknað, af ákærða. Efni þessi seldi Sigurður Páll síðan til ýmissa aðilja.

Sigurður Páll Sverrisson kom fyrir dóm að nýju 11. september 1979 og skýrði svo frá, að frá því skömmu eftir handtöku hafi hann leitast við að skýra sem réttast allt sitt fíkniefnamisferli og lýsa þáttum annarra, er þar komi við sögu. Eftir vandlega ihugun kvaðst hann telja réttara, að hann

hafi samtals fengið frá ákærða marihuana að magni samtals 500-600 gr. Hann hafi áður réttilega lýst upphafi vipskipta sinna við Kristján Gunnarsson, sem hafi hafist u.þ.b. um miðjan júní 1979 og staðið samtals í um 3 vikur eftir það. Einnig kynnum sínum af ákærða, er hafi orðið fyrir milli göngu Kristjáns Gunnarssonar, sem var þá á förum til Bandaríkjanna. Eftir komu Kristjáns þaðan hafi hann hringt í Sigurð Pál og spurt, hvernig gengið hefðu viðskipti hans og ákærða. Kvaðst hann hafa sagt honum sem var, en tekið fram, að efnið hafi verið mjög lélegt frá ákærða, og Kristján þá haft við orð, að réttast væri að láta ákærða sigla sinn sjó með slík efni. Sigurður Páll kvað þá ákærða og Kristján hvorn í sinu lagi hafa verið varkára og gætt þess við efnisafhendingar, að ekki yrðu aðrir viðstaddir. Eina undantekningin hafi verið sú, er Kristján samkvæmt ofansögðu kynnti Sigurð Pál fyrir ákærða fyrir utanför sína og hafi sá samfundur þeirra þriggja orðið að Kvisthaga 27 á heimili Kristjáns.

Þess utan kvaðst Sigurður Páll við eitt tækifæri hafa orðið Kristjáni samferða í Vegamótaútbú Landsbanka Íslands og vitað, að hann var þá að leggja inn á reikning ákærða milli 100 og 200.000 krónur. Hafi þetta orðið líklega tveimur til þremur vikum fyrir margnefnda utanför Kristjáns.

Kristján Eggert Gunnarsson nemi., fæddur 27. 8. 1954, Kvisthaga 27, Reykjavík, kom til yfirheyrslu hjá Fikniefnadeild lögreglu 5. september 1979 og sama dag fyrir dómara. Skýrði hann svo frá, að um sl. jól hafi hringt til sín ákærði í máli þessu, sem var honum þá með öllu ókunnugur, en vitnað til Bryndísar Björnsdóttur sameiginlegrar vinkonu, og hafi ákærði spurt um hug Kristjáns til samvinnu um fikniefnadreifingu. Kvaðst Kristján skömmu síðar hafa heimsótt ákærða að Fálkagötu 3 og séð þá í hans förum u.þ.b. 8. gr af amfetamíndufti og nokkrar hvítar töflur, taldar vera dexedrin. Hann kvaðst ekki hafa viljað koma nærri nefndum efnum og talið hafi þá borist að marihuana.

Í lok febrúar eða byrjun mars 1979 hafi ákærði, þá nýkominn frá Bandaríkjunum, tekið að afhenda sér marihuana til endursölu og samtals mjög nærri 800 gr af brúnleitu grófu efni, pressuðu í köggul. Mikið hafi verið um fræ og stöngla, enda hafi hann skilað ákærða nokkru af slíku aftur.

Um þrem vikum eftir þetta hafi ákærði aftur haldið til Bandaríkjanna og komið á ný hingað til lands nálægt mánaðamótum apríl-maí. Á næstu þremur til fimm vikum hafi ákærði afhent sér samtals mjög nærri 1500 gr. af marihuana, nokkru fingerðara en fyrr og grænleitu með súrlykt. Hvert gramm hafi verið reiknað á kr. 1.500, greitt eftir endursölu, en verð frá sér hafi verið kr. 2.500 pr. gr. Aftur kveðst hann hafa skilað ákærða nokkru af fræjum og stönglum. Afhendingar hafi sem fyrr ýmist orðið að Fálkagötu 3 eða Kvisthaga 27. Hann kvaðst telja, að hann hafi í ofangreindum tveim tilvikum fengið í hendur allt eða nær allt efni, er ákærði

hafði undir höndum, eða a.m.k. hafi hann eindregið mælst til þess. Ákærði hafi sagt honum, að efnið væri frá Mexico.

Kristján kvaðst hafa bundið milligöngu sína við sem allra fæsta og nær alla góðkunningja. Var hann ekki í svip reiðubúinn að nafngreina nema einn, sem kallaður væri Siggí rauði og búsettur væri við Stigahlíð. Sá hafi í mörgum afhendingum fengið 1200-1300 gr, sem hann hafi jafnan staðgreitt.

Skömmu fyrir 15. júlí 1979 kvaðst Kristján hafa verið á förum til Bandaríkjanna, er ákærði hafði samband við hann og kvaðst nýkominn þaðan og eiga von á 2 kg. á marihuana. Kveðst hann þá hafa kynnt Sigga rauða fyrir ákærða og síðar frétt eftir heimkomu 27. ágúst, að einhver viðskipti hafi orðið þeirra á milli, en varla þó meiri en 300 gr, enda hafi efnið verið lélegt.

Þá sagði Kristján, að hann hefði um sl. helgi enn hitt ákærða og fengið þá hjá honum 200 gr. af marihuana gegn gjaldfresti. Við húslleit lögreglu hjá Kristjáni fyrr þennan dag höfðu fundist m.a. 262.2 gr af marihuana, og sagði hann þetta m.a. vera efni það, er hann hefði keypt af ákærða þá nýlega.

Kristján var yfirheyrður fyrir dómi aftur 11. september 1979. Í upphafi þinghalds var með vísan til 142., sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga ræki-lega brýnt fyrir honum mikilvægi þess, að í framburðum hans kæmi hvorki með vilja né fyrir ónákvæmni fram rangar sakargiftir á hendur öðrum, Hann endurtók á sama veg og fyrr upphaf kynna sinna við ákærða í máli þessu. Ákærði hafi farið skömmu síðar til Bandaríkjanna og hafi þeir talað um, að ákærði kæmi með 500-600 gr af marihuana úr þeirri ferð. Ákærði hafi síðan tilkynnt komu sína síðar seint í febrúar eða í byrjun mars og hafi þeir þá hist að Fálkagötu 3 og hafi Kristján komið þangað með bréfavog frá fyrirtæki föður síns. Á hana hafi ákærði vegið 50 gr og afhent sér, en Kristján kvaðst hafa við sama tækifæri séð í fórum ákærða nokkru meira magn. Afhendingar frá ákærða til hans urðu allmargar næstu þrjár til fjórar vikur og ákærði beið eftir sölu efnanna og vildi ekki fara til Bandaríkjanna, áður en sölu væri lokið. Hins vegar hafi hann talað um, að sér lægi sem mest á að komast utan aftur og þyrfti því að hraða sölu. Taldi Kristján, að á þessu tímabili hefði verið um 800 gr að ræða frá ákærða, en það væri fundið með samlagningu eigin nota, ódrýginda vegna stöngla og fræja og loks því, er hann muni eftir að hafa selt öðrum. Beri að taka tölu þessari með nokkurri varúð vegna óhjákvæmilegrar ónákvæmni.

Við brottför ákærða hafi legið fyrir milli þeirra, að ákærði kæmi aftur hingað til lands u.þ.b. mánuði síðar með meira efni, er Kristján skyldi selja. Hafi og legið fyrir, að það yrði meira magn en fyrr, því ákærði hafi talið

á mörkum, að ofangreint magn skilaði hagnaði. Til þess að ákærði kæmist utan sem fyrst, kveðst Kristján fyrir sinn hagnaðarhluta hafa keypt eftirstöðvar efnanna af ákærða og þannig verið að selja þær nokkru eftir að ákærði hélt utan.

Kristján kvaðst ekki treysta sér nákvæmlega til að tímasetja, hvenær ákærði kom næst til landsins frá Bandaríkjunum, en skömmu eftir komu hans til landsins hafi þeir farið saman í fyrirtæki föður Kristjáns og vigtað þar marihuana efni, er ákærði var með í einum plastpoka og var á a.g. ½ kg. Þar af kveðst Kristján hafa mótttekið 150 gr, en ákærði farið aftur með afgang í öðrum sérvigtuðum einingum og væntanlega afhent sér síðar. Eftir þetta og um nærri mánaðarskeið eftir ofangreinda heimkomu ákærða kvaðst Kristján hafa mótttekið oft frá honum efni og samkvæmt áðurlýstri útrekningsaðferð telja, að heildarmagn frá ákærða til sín úr nefndri ferð hafi verið nærri 1500 gr. Peningaskil til ákærða hafi orðið eftir því, hve sala gekk ört, og hafi ákærði oft komið á heimili sitt að vitja uppgjörs og Kristján jafnan greitt honum persónulega, utan í tveim tilvikum lagt fjárhæðir inn á ávísanareikning á nafni ákærða. Í öðru tilviki hafi verið um að ræða 300 þúsund krónur, lagðar inn á ávísanareikning í nafni ákærða í Landsbankann á Sauðárkróki með millifærslu frá útibúi nefnds banka. Í hinu tilvikinu hafi Kristján lagt fjárhæð inn í Samvinnubankann við Bankastræti, en mundi ekki, hver sú fjárhæð var.

Fyrir dómi 13. september 1979 skýrði Kristján E. Gunnarsson nánar frá framangreindum innlögnnum sínum í bankana, og jafnframt skýrði hann þar nánar frá því, er hann kynnti framangreindan Sigga rauða fyrir ákærða, og frá því, hvað hann hefði frétt um þau viðskipti. Kom þar m.a. fram, að nefndur Siggi, sem mun vera framangreindur Sigurður Páll Sverrisson, taldi gæði efnisins hafa verið verri en ráð hafði verið fyrir gert. Sagði Kristján, að ákærði hafi þó, áður en efni bárust, verið búinn að lýsa miklum gæðum þeirra og þar með hærra einingarverði. Hafi á þeim forsendum verið samþykkt, að í hlut ákærða kæmu 2.300 krónur pr. gr, kr. 500.- í hlut Kristjáns, en Sigurður mátti leggja á við sölu það, er honum sýndist. Hinn síðastnefndi hafi talið, að verðlækkun ætti að bitna á hlut Kristjáns, og þeir deilt um þetta, en loks orðið að samkomulagi, að Sigurður skuldaði Kristjáni 100.000 krónur vegna ofanritaðs. Kristján kvaðst þó illa hafa unað slíkum málalokum og því farið á fund ákærða og krafist skýringa á lélegum efnisgæðum. Hafi ákærði ekki viljað kannast við slíkt, en sagt, að hann hefði keypt 4 pund af góðu mexíkönsku marihuana, en eitt pund af úrvalsefni til viðbótar og blandað þessu saman.

Ákærði var handtekinn 4. september 1979 og færður til dómara um kl. 01.45 5. september 1979. Kvaðst hann vera saklaus af hvers konar meðhöndlun fíkniefna. Hann kvaðst jafnan, er hann dveldi í Reykjavík, búa

að Fálkagötu 3 og hafi það samtals numið nokkrum vikum, það sem af væri árinu, og einkum er hann kom úr leyfum frá námi í Bandaríkjunum. Hann kvaðst hafa komið þaðan í jólaeyfi, aftur í mars sl., lok maí sl. og loks fyrri hluta júlí sl. Við hverja komi sína til landsins að utan hafi hann dvalið nokkuð í nefndri íbúð, en þess utan nokkrar heimsóknir og síðast um sl. helgi.

Eftir að hafa rætt einslega við réttargæslumann sinn heimilaði ákærði fyrir sitt leyti leit í íbúðinni að Fálkagötu 3 og einnig lá fyrir leyfi þinglýstra eigenda íbúðarinnar. Fór leit fram umrædda nótt, og kl. 04.00 mætti í dóm-inum Guðmundur Gígja lögreglufulltrúi, sem skýrði svo frá, að í nýlokinni leit að Fálkagötu 3 hefðu fundist 3 filmbox með ætluðum fíkniefnum, þar af eitt líðlega hálf fullt af marihuana, eitt með marihuanafræjum og eitt með ætluðum hassmulningi.

Í skýrslu, sem Jónas Hallsson rannsóknarlögreglumaður gerði um um-rædda hútleit og staðfest er af lögreglumönnum Guðmundi Gígja og Reyni Kjartanssyni, segir, að í herbergi til hliðar við eldhús í íbúðinni hafi Reynir Kjartansson leitað og haft sér við hlið Jón Hall Jóhannsson, sem er bróðir ákærða, en hér var um að ræða það herbergi, sem ákærði var sagður nota öðrum fremur, þá er hann dveldi í nefndri íbúð. Í upphafi leitar í nefndu herbergi kvaðst Reynir hafa tekið eftir 3 filmboxum, er verið höfðu á skrifborði, og hafi hann bent Jóni Halli á þau, um leið og hann hafi farið að kanna innihald þeirra. Þau hafi reynt innihalda kannabisefni þ.e. í einu hafi verið leifar af hassi, í öðru marihuana fræ og í því þriðja marihuana. Kvaðst Reynir hafa sýnt Jóni Halli í hvert box fyrir sig og greint honum frá innihaldi þeirra. Á bókahillu í sama herbergi var vigt úr járn, sem Jón Hallur lýsti sig eiganda að, en á skál hennar mátti greina ætlaðar kannabisleifar og hún því tekin í vörslu lögreglunnar með samþykki Jóns Halls til frekari athugunar. Á skrifstofu lögreglunnar var síðan gerð litaprófun efnisins á voginni, og kom jákvæð svörum með tilliti til kannabisefna.

Með bréfum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 22. október 1981, til Rannsóknastofu í lyfjafrði var óskað efnagreiningar á sýnum úr fyrr-greindum filmboxum, en þau voru merkt sýni 434 a, b og c. Í bréfi Þorkels Jónannessonar prófessors fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 5. 11. 1981, segir um sýni 434 a, að sýnið hafi verið móleitt duft, minna en 10 mgr að þyngd. Með tiltækum aðferðum hafi mátt staðfesta, að sýnið væri kannabis. Sýnið hafi hins vegar verið of lítið til ákvörðunar á tetrahydrokannabinoli. Sýnið telst vera kannabis. Um sýni nr. 434 b segir í bréfi prófessorsins, að það hafi verið brún fræ, 0.48 gr að þyngd. Fræin hafi við smásjárskoðun að öllu leyti líkst venjulegum kannabisfræjum. Litar-próf fyrir kannabinolum var lítillaga jákvætt. Hins vegar var tetrahydro-

kannabinol ekki í fræjunum. Sýnið reyndist þannig vera kannabisfræ. Um sýnið nr. 434 c segir í bréfi professorsins, að það hafi verið grænir plöntuhlutar og fræ, 3.5 gr. að þyngd. Fræin líktust við smásjárskoðun mjög venjulegum kannabisfræjum. Plöntuhlutarnir voru einnig úr kannabisplöntu. Magn tetrahydrokannabinols í þessum hluta sýnisins var 2 mg/hg. Sýnið hafi þannig verið kannabis samkvæmt framansögðu.

Lögreglumennirnir Jónas Jón Halldsson, Guðmundur Gígja og Reynir Ísfeld Kjartansson komu fyrir dóm 4. þ.m. og staðfestu þar framangreinda skýrslu. Þeir Guðmundur og Reynir Ísfeld voru spurðir, hvort til álita hefði komið að rannsaka fingraför á filmboxum þeim, sem fundust umrætt sinn að Fálkagötu 3, en þeir kváðust ekki muna eftir því. Þeir voru einnig spurðir um skýringar á því, hvers vegna liðið hafi svo langur tími, þar til efnin úr filmboxunum voru send til efnagreiningar. Sögðu þeir, að yfirleitt væri svo lítið magn ekki sent til slíkrar greiningar nema sérstakar ástæður lægju fyrir, þ.e. vafi léki á um, hvert efnið væri, eða ef ríkissaksóknari krefðist þess. Reynir Ísfeld kvað fullyrðingu í lögregluskýrslunni um, að kannabisefni hefðu verið í filmboxunum, hafa byggst á því, að lögreglumenn, sem fjalli um þessi mál, þekki þessi efni bæði í sjón og með því að lykta af þeim. Mjög oft geri þeir sérstakar litarprófanir, þótt hann myndi ekki nú, hvort svo hefði verið gert í þess tilviki, en í skýrslunni kæmi fram, að það hefði verið gert með efnið á skálarvoginni. Guðmundur Gígja kvað slíkar litarprófanir gerðar nær undantekningarlaust á efnum, er finnist, og gerði ráð fyrir því, að svo hefði verið gert í þessu tilviki, þótt það kæmi ekki fram beinum orðum í skýrslunni nema að því er varðar efnið, sem var á skálarvoginni.

Vegna fullyrðinga Kristjáns E. Gunnarssonar um innlagningar inn á reikninga ákærða var gerð athugun á þessu. Kom í ljós, að hinn 29. maí 1979 lagði Kristján kr. 300.000 inn á reikning nr. 407 við Samvinnubankann, útibú á Sauðárkróki, á nafni ákærða og hinn 20. 6. 1979 lagði Kristján kr. 160.000 inn á reikning nr. 13671 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands, sem er á nafni ákærða.

Gry Ek Gunnarsson, eiginkona Kristjáns Gunnarssonar, fædd 9. 11. 1956, Kvisthaga 27, Reykjavík, hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi vitað til ítrekaðra afhendinga ákærða á fíkniefnum til eiginmanns hennar veturinn og vorið 1979, en vissi ekki, hvað magnið hefði verið mikið. Hún hafði eftir Kristjáni, að hann hafi selt manni að nafni Sigurður, rauðhærðum, marihuanaefni frá ákærða og síðar hafi Sigurður þessi tekið beint við slíkum efnum frá ákærða, eftir að þau Kristján fóru til Bandaríkjanna í júlí 1979, en komið aftur hingað til lands 27. ágúst sama ár. Skömmu eftir það hafi ákærði heimsótt þau hjón að Kvisthaga

27, og kvaðst hún telja fullvíst í ljósi þess, að ákærði hafi þá afhent Kristjáni marihuanaefni, er síðar fundust að Kvisthaga 27.

Bryndís Anna Björnsdóttir Bender, fædd 31. 12. 1956, sem á lögheimili í Texas í Bandaríkjunum, kom vegna máls þessa til yfirheyrslu hjá fíkniefnalögreglu og síðar í dómi hinn 17. október 1979, en hún hafði þá skömmu áður komið hingað til lands frá Bandaríkjunum. Hún kvaðst þekkja ákærða og meðal annars hafi hún komið hingað til lands fyrr á þessu ári í boði hans. Ástæðan fyrir boðinu hafi verið sú, að hann hafi iðulega áður dvalið á heimili hennar ytra og megi því skoða boðsferð hennar sem endurgjald af hálfu ákærða. Hún neitaði með öllu að vita um nein viðskipti ákærða með fíkniefni eða meðhöndlun hans á þeim efnum. Þegar Bryndís kom fyrir dóminn aftur 18. október, kvaðst hún hafa ákveðið að skýra sem nákvæmast frá allri sinni vitneskju um fíkniefnamisferli ákærða, þótt hún segðist í því sambandi óttast um sinn hag og þá gagnvart aðiljum í Bandaríkjunum, er komi við sögu þessa máls. Hún kvaðst með vissu vita, að ákærði hafi a.m.k. í þrem tilvikum keypt marihuana efni af manni búsettum í Albaq. Þann mann kveðst hún þó aðeins hafa séð einu sinni og þá hafi hún verið í fylgd Holbergs Mássonar og fleiri íslenskra aðilja. Hins vegar hafi hún getað ráðið af fjölmörgum símtölum ákærða við nefndan mann, sem nefndur er Tim, hvað á gekk, svo og af frásögnum ákærða sjálfs. Um miðjan október hafi ákærði hringt í sig frá Albaq og gefið í skyn, að sér gengi illa útvegum marihuanaefna. Hann hafi þó verið kominn til An Antonio nokkrum dögum síðar. Hafi ákærði eftir það dvalið nokkuð í San Antonio og m.a. verið að selja nágrönnum hennar eitthvað af marihuana. Þá tilgreindi hún, að kunningi ákærða, John að nafni, hafi verið búinn að útvega ákærða umbúdir til flutnings marihuana hingað til lands og hafi hún verið viðstödd í íbúð Eyjólfss, er þeir voru að þrátta um pökkun efna í málingardósir, án þess þó að hún sæi hvernig frágangur þeirra var. Hún kvaðst hafa séð umrædd marihuanaefni. Hún taldi, að ákærði hefði haldið hingað til lands líklega í byrjun nóvember 1978, en hann hafi sagt henni, að efnin myndu verða 3 vikur á leiðinni. Hún taldi, að ákærði hefði dvalið hér á landi fram yfir áramót, en þá haldið utan og næst komið til Íslands skömmu á undan henni, eða í mars. Kvaðst hún vita samkvæmt eigin frásögn ákærða, að hann hafi þá áður sent á undan sé hingað til lands marihuana og sem fyrr af gerðinni Mexican mohawk, sem sé lélegt efni. Um efnismagn kvaðst hún ekki muna, en síðar hafa séð ákærða afhenda Kristjáni Gunnarssyni hluta efna hér á landi. Aðdragandi þeirrar afhendingar hafi verið sá, að hún hafi beðið ákærða að aka með sig í Kjötubúð Tómasar að kaupa íslensk matvæli til að hafa með sér utan. Eftir að hún var komin inn í bifreiðina, hafi ákærði sagst þurfa að hitta

Kristján, og ók hann að skóla og beið um stund, en Kristján kom út. Var þá ekið að fyrirtæki því, er faðir Kristjáns starfar í, en það stendur niður við sjó. Þar fór Kristján inn, en ákærði sagði henni á meðan, að hann væri að afhenda Kristjáni marihuana. Kristján kom til baka með með og afhenti ákærða, sem þá bað hana að rétta fram í bifreiðina poka, er Kristján tók á móti. Síðar yfirgaf Kristján bifreiðina, en ekki mundi hún hvar. Þá sagði hún, að hún ætti enn eftir að grein frá ýmsum þáttum í þessu máli og þar á meðal flutningi ákærða, líklega í maí þetta ár, á nærri 10 pundum af marihuana af tveim gerðum frá San Antonio hingað til lands. Vegna þess hve áliðið var nætur ákvað dómari að fresta til morguns frekari yfirheyrslum yfir Bryndísi.

Daginn eftir kom Bryndís að morgni til dómara, og er bókað, að hún hafi rætt við dómarrann og verið í miklu uppnámi. Kvaðst hún lasin, svefnlaus og þreytt, og var yfirheyrslu frestað þar til síðar um daginn. Kl. 18.45 hófst síðan yfirheyrsla yfir henni á ný og sagði hún þá ýmislegt brenglað við sinn framburð frá deginum áður. Með vísan til fyrri bókunar kvaðst hún nú aðeins vita um eitt tilvik, þar sem ákærði hafi keypt marihuana af fyrrnefndum Tim. Það kvaðst hún vita vegna þess er hún sá fram fara í íbúð ákærða milli hans og fyrrnefnds Johns. Hins vegar kvaðst hún draga til baka sem rangar allar sínar yfirlýsingar í þinghaldinu í gær varðandi vitneskju um innflutning ákærða á marihuana í mars sl. Kvaðst hún ekki geta skýrt, hvaðan hún greip eða man tegundarheitð Mexican mohawk og kallaði það lélegt efni. Hún sagði í öllu rétta lýsingu sína á ökuferð með ákærða að Laugalækjarskóla og þaðan með Kristjáni. Hins vegar hélt hún því fram, að hún hafi ekki í raun séð Kristján afhenda ákærða peninga né geta fullyrt, að Kristján hafi mótttekið marihuana, en eitthvað hafi þeir þó rétt á milli sín. Loks kvaðst hún draga til baka yfirlýsingu um vitneskju varðandi innflutning ákærða á 10 pundum á marihuana í mars sama ár.

Þess skal getið, að áður en umrædd yfirheyrsla fór fram yfir nefndri Bryndísi, þar sem hún skýrði m.a. frá ferð sinni með ákærða, þar sem þau hittu Kristján Gunnarsson við skóla, þá hafði Kristján Gunnarsson verið yfirheyrður nánar um kunningsskap sinn við Bryndísi. Fór yfirheyrsla þessi fram 18. október 1979.

Er þar bókað svofellt eftir honum.

„Þá er mætti spurður um dvöl Bryndísar hér á landi í mars sl. Kveðst mætti fullyrða að hafa ekki séð Bryndísi hingað komna fyrr en um það bil er hann móttók síðast efni frá Eyjólfur úr marssendingu eða þeirri fyrri er mætti hefur nefnt svo. Hafi Eyjólfur mjög rekið á eftir mætta með greiðslur en ýmsir viðskiptamenn mætta ekki getað staðgreitt og Eyjólfur m.a. af þeim sökum frestað utanför um nokkra daga. Til að brúa þetta bil kveðst mætti hafa fengið lánað hjá kunningja sínum, Guðmundi Sveini

Kristjánssyni, Kvisthaga 18, kr. 200.000.00 til að afhenda Eyjólfí, sem komið hafi ásamt Bryndísi Björnsdóttur á rauðri VW-bifreið Eyjólfis að sækja nefnda fjárhæð í Laugalækjarskóla, þar sem mætti þá stundaði nám. Mætti kveðst fullyrða án þess að geta lýst í smáatriðum að Bryndís hafi fylgst með þessari greiðslu og Eyjólfur talið peningana í hennar viðurvist. Síðan hafi nefnd þrjú orðið samferða í bifreið að Landsbanka Íslands, Vegamótaútbúi, og Eyjólfur farið þar einn inn með fjárhæð að sögn til þess að skipta henni í þúsund króna seðla. Þá hafi Eyjólfur og Bryndís ekið mætti til síns heima. Á leið þangað eða rétt áður hafi Eyjólfur í bifreiðinni afhent mætta plastpoka með marihuana og jafnframt síðustu afhendingu Eyjólfis í nefndri viðdvöl hér á landi. Vitneskju Bryndísar um þetta kveðst mætti best geta lýst með því að segja: „Hún vissi nákvæmlega hvað þarna fór fram á milli okkar Eyjólfis.““

Komið hefur fram hjá ákærða, að hann hafi á þessum tíma aðallega notið að bifreið sína, K-1818, sem sé Volkswagen, rauð að lit.

Í yfirheyrslum yfir Holberg Mássyni, fæddum 21. 9. 1954, hefur komið fram, að honum hafi verið kunnugt um, að ákærði hafi talsvert haft fikni-efni með höndum og m.a. flutt þau til Íslands til að selja. Fram kom hjá honum, að hann hefði m.a. bent ákærða á líklega söluaðilja í Bandaríkjunum, svo sem mann að nafni Tim Stahler og eiginmann Bryndísar Björnsdóttur, er áður er nefnd, en hann er Bender að eftirnafni, og þau bjuggu í San Antonio í Texas.

Við yfirheyrslu 14. september 1979 skýrði ákærði svo frá, að í janúar 1978 hafi hann byrjað nám í eðlisfræði við University of New Mexico. Kvaðst hann hafa stundað óslitið nám þetta árið 1978, nema hvað hann hafi dvalið hér á landi í skólaleyfi frá miðjum júní til mánaðamóta júlí-ágúst eða þar um bil. Um sl. áramót hafi hann skipt frá ofangreindri aðalnámsgrein yfir í efnafræði við University of Texas í San Antonio í Texasfylki. Aðspurður um ástundun þar sem af væri námsárinu 1979 kvaðst hann nokkurn veginn hafa staðist áætlun, nema hvað ástundun hafi ekki verið mjög mikil síðasta misseri og reyndar varla hið næsta á undan heldur, eða haustmisserið 1978.

Ofangreint nám kvaðst ákærði hafa kostað af uppsöfnuðum vinnutekjum um 7 síðustu mánuði ársins 1977. Hafi hann á þeim tíma notið ókeypis fæðis og upphalds hjá foreldrum á Saudárkróki, en tekjur verið verulegar á þess tíma mælikvarða, eða allt að 600.000 krónum á mánuði. Vegna ofangreindra aðstæðna hafi hann getað lagt fyrir megnið af vinnutekjum sínum og hafi sá sjóður reynst drjúgur við eftirfarandi nám. Þá kvaðst hann hafa stundað launaða vinnu hér í desember 1978. Á árinu 1979 hafi hann fengið greidd laun fyrir nokkra daga vinnu í júní, nokkra daga í júlí og allan ágústmánuð. Hann kvaðst ekki hafa notið opinberra styrkja eða námslána

í sambandi við nám sitt. Hins vegar hafi hann notið talsverðs fjárstuðnings frá foreldrum sínum, einkum í seinni tíð, en það gæti hann ekki sundurliðað né tiltekið nánar. Þá kvaðst hann tvívegis hafa tekið víxillán, samtals að fjárhæð kr. 900.000, en þau væru nú bæði að fullu greidd.

Í þinghaldi 15. september var ákærði spurður um kunningja sína hér í Reykjavík. Hann kvað þá fremur fáa hér í borg og því almennt hafa fengið mjög fáar heimsóknir á Fálkagötu 3. Sjálfur hafi hann heimsótt fáa hér í borginni, en einkum skyldfólk. Aðspurður neitaði hann að nafngreina kunningja sína, þá er hann umgekkst hér, enda taldi hann, að það mundi þar með geta valdið þeim óþægindum og ónáði.

Í þinghaldi 17. september neitaði ákærði enn sem fyrr að nafngreina nokkurn af þeim kunningjum, er hann umgekkst, er hann var hér á landi í leyfum. Aðspurður um þá Íslendinga, er hann hafi öðrum fremur átt samskipti við ytra, kvaðst hann vilja íhuga nánar, hvort hann nafngreindi slíka eða ekki.

Ákærði kvaðst áður hafa lýst sig saklausan af hvers konar fíkniefnameðhöndlun og reyndar ekki vita, hver efni falli undir það hugtak. Dómarinn nefndi þá til viðmiðunar amfetamín, LSD, hass og marihuana. Ákærði kvaðst stöku sinnum ytra, eða í Bandaríkjunum, hafa notað marihuana, enda sé slíkt afar algengt þar um slóðir. Að því slepptu hafi hann samkvæmt læknisráði einnig notað um skeið amfetamín, nánar í 5 mgr töflum undir heitinu dexidrin eða dexamfetamín og þá ýmist hvort var. Marihuana kvaðst hann aldrei hafa notað hér á landi né haft undir höndum.

Ákærði kvaðst ekki vita til, að á Fálkagötu 3 væru fíkniefni neinnar tegundar, og hafi slíkt fundist þar, séu þau honum óviðkomandi. Auk sín hafi haft aðgang og lykla að umræddri íbúð foreldrar hans og auk þess þrír bræður. Kvaðst hann ekki vita til, að svonefnd fíkniefni hafi nokkru sinni verið um hönd höfð í margnefndri íbúð að Fálkagötu 3. Var honum þá á það bent, að samkvæmt ofanskráðu virtist sérstök ástæða til, að hann nafngreindi þá aðilja, sem heimsótt hafi hann í nefnda íbúð. Hann kvaðst þó ekki vilja nafngreina neina slíka aðilja, enda ekki hafa fengið uppgefið tegund eða magn fíkniefna, er sagt væri, að fundist hefðu á Fálkagötu 3. Hafi t.d. fundist lítilræði af marihuana, sé slíkt efni að mati hans meinlaust og hafi hann samúð með notendum slíks og telji betur setta en þá er neyti alkóhóls. Vegna ofanritaðs neiti hann að nafngreina kunningja. Við upplestur á framangreindri bókun kvaðst hann vilja undirstrika, að þegar hann hér nefndi lítilræði af marihuana, hafi hann þar verið að setja fram tilgátu til að skýra sína afstöðu.

Í þinghaldi 24. september 1979 var ákærða sýnd innlagningarnóta frá Samvinnubanka Íslands, þar sem kom fram, að Kristján E. Gunnarsson hefði lagt inn á reikning ákærða nr. 407 við þann banka kr. 300.000.

Kvaðst ákærði ekki muna, hvernig þessi innlögn væri til komin. Kvaðst hann þekkja Kristján Gunnarsson, er lagt hafi inn umrædda fjárhæð, en vilja hugsa málið, áður en hann geri grein fyrir nefndri greiðslu. Nánar þar um kvaðst ákærði gera sér ljóst, að umrætt skjal líti grunsamlega út gagnvart sér, og kvaðst hann því ekki vilja tjá sig þar um fyrr en að vandlega athuguðu máli. Aðspurður kvaðst ákærði telja nefndan Kristján í sínum kunningjahópi, en þó ekki muna, hvernig hann hafi kynnst honum eða hve lengi þekkt hann. Hann kvað Kristján búa í risibúð við Kvisthaga og hafa heimsótt hann þangað á þessu ári, líklega tvisvar. Við nánari íhugun kvaðst hann ekki viss um að hafa heimsótt Kristján á þessu ári. Aðspurður kvaðst ákærði neita að svara því, hvort umræddur Kristján hafi heimsótt sig. Þá neitaði hann því alfarið að hafa meðhöndlað fikniefni með Kristjáni og ekki nærri slíkum efnum komið hér á landi.

Eftir þetta kom í dóminn Kristján E. Gunnarsson, sem staðfesti, að hann hafi áður og í hvívetna réttilega lýst ítrekuðum afhendingum ákærða á fikniefnum til sín. Í framhaldi af þessu var ákærði aftur færður fyrir dóminn, þar sem Kristján endurtók efnislega þau ummæli, sem áður eru tilgreind. Vék Kristján síðar frá. Ákærði kvaðst þrátt fyrir ofangreinda yfirlýsingu Kristjáns Gunnarssonar alfarið halda fram sakleysi sínu af hvers konar meðhöndlun fikniefna hér á landi. Ítarlega aðspurður kvaðst hann ekki reiðubúinn að skýra tilvist greiðslukvittunar, þar sem Kristján Gunnarsson lagði kr. 300.000 inn á ávísanareikning nr. 407 í Samvinnubanka á nafn ákærða. Sérstaklega aðspurður kvað hann hugsanlegt, að til væri að dreifa annarri innlagningu Kristjáns á annan hvorn ávísanareikninga hans, en nánar þar um kvaðst hann ekki muna né hve há uppæð þar kunni að vera á ferð. Ákærði kvaðst ekki reiðubúinn að nefna sameiginlega kunningja sína og Kristjáns né lýsa yfir, að um slíka væri að ræða. Hann kvaðst ekki geta látið sér detta í hug neina ástæðu þess, að Kristján Gunnarsson eða aðrir bæru hann röngum sökum.

Ákærði sagði, að nú hefði rifjast upp fyrir sér, er hann nánar færi að hugleiða kynni sín af Kristjáni Gunnarssyni, að hann muni hafa hitt Kristján eða þeir að minnsta kosti haft simasamband í flestum viðdvölum sínum hér á landi og muni Kristjáni því nokkuð vel kunnugt um ferðalög sín og gæti þess vegna hafa hagað sínum framburði, þótt rangur væri, í samræmi við ferðir ákærða og viðdvalir hérlendis. Hvað sem því liði, sagðist ákærði fullyrða að vera borinn röngum sökum af Kristjáni Gunnarssyni.

Í þinghaldi 27. september 1979 neitaði ákærði enn að skýra fyrrgreinda innlagningu Kristjáns á kr. 300.000 á reikning ákærða við Samvinnubankann. Var ákærða þá og sýnt skjal, er benti til þess, að Kristján Gunnarsson hefði hinn 20. 6. 1979 lagt kr. 160.000 inn á ávísanareikning ákærða nr. 13671 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands. Um nefnt skjal kvaðst hann

ekkert sérstakt hafa að segja, en bætti við: „Þetta er ein af þessum upphæðum, sem inn var lögð og strax tekin út aftur.“ Hann var spurður, hvort hann kannist við að hafa reiknað með umræddri greiðslu frá Kristjáni Gunnarssyni, en neitaði að svara þeirri spurningu. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki vilja svara neinum spurningum varðandi fjármálaskipti sín við nefndan Kristján og kvaðst ekki treysta sér til slíks, þar eð hann telji sig ekki í nógu andlegu jafnvægi. Hann bætti síðan við: „Svo er líka annað sjónarmið í þessu, að hvað sem ég segi kann að vera notað gegn mér.“

Aðspurður kvaðst ákærði þekkinga Bryndísi Björnsdóttur, búsetta í San Antonio í Texasfylki í Bandaríkjunum. Síðast hafi hann hitt hana hér á landi í mars eða apríl sl., enda hafi hann áður vitað, að hún ráðgerði að koma hingað til lands um þær mundir. Ákærði og hún hafi hins vegar orðið samferða héðan flugleiðis til Bandaríkjanna. Ákærði kvað engin fjármunaleg skipti hafa orðið sín á milli og Bryndísar í umræddri ferð. Hann kvaðst telja mjög líklegt, að Bryndís hafi í Bandaríkjunum handleikið og notað marihuana. Nánar spurður kvaðst hann neita að svara, hvort hann vissi tilgreind dæmi um slíkt. Þá kvaðst hann og neita að svara, hvort hann í viðurvist eða í félagi við Bryndísi hafi meðhöndlað fíkniefni. Hann breytti síðan þessum framburði og kvaðst ekki vita til, að nefnd Bryndís hafi meðhöndlað eða notað fíkniefni, og sjálfur kvaðst hann hvorugt hafa gert í hennar viðurvist.

Aðspurður kvaðst ákærði þekkinga Holberg Músson og hafa gert frá árinu 1968, er þeir stunduðu saman nám við Hlíðardalsskóla í Ölfusi og síðar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og einnig hafi þeir verið samferða í skemmtiferðum um Evrópu.

Hinn 14. október 1979 fór fram samprófun milli ákærða og Sigurðar Páls Sverrissonar. Ákærði kvaðst kannast við andlitið á Sigurði, er hann mætti í réttinum, og bætti við: „getur hugsast að hann heiti Sigurður, það er eins og mig rámi í það.“ Nánar aðspurður kvaðst hann ekki koma fyrir sig, hvar eða hvenær hann hafi séð eða hitt Sigurð.

Sigurður Páll sagði aðspurður, að ákærði væri sá hinn sami, er hann hafi áður fyrir dómi orðað við ítrekaðar fíkniefnaafhendingar til sín. Kynni þeirra hafi orðið fyrir milligöngu Kristjáns E. Gunnarssonar.

Spurður um þetta kvaðst ákærði ekki telja Sigurð í hópi kunningja sinna, en vel geti verið, að ákærði hafi hitt hann hjá Kristjáni Gunnarssyni. Hann kvaðst ekki muna til, að Sigurður hafi heimsótt sig á Fálkagötu 3, en þó ekki vilja útiloka, að svo kynni að vera. Sigurður Páll kvaðst vissulega hafa komið á Fálkagötu 3 þeirra erinda, er hann hafi áður skýrt frá, að kaupa marihuana af ákærða. Ákærði kvað Sigurð Pál bera rangt um þetta.

Sama dag fór fram samprófun milli ákærða og Kristjáns E. Gunnarssonar, Kristján staðfesti að hafa áður lýst réttilega innlögnum fjárhæða

á ávísanareikninga ákærða og hafi þar verið um að ræða hlut af sölu- andvirði fikniefna, er Kristján hafi áður fengið frá ákærða. Ákærði kvað rangan framburð Kristjáns að því leyti að fjármunainnlagnir hafi verið tengdar fikniefnaviðskiptum, en kvaðst sem fyrr neita að svara nánari spurningum varðandi nefndar greiðslur frá Kristjáni. Kristján endurtók að hafa áður réttilega lýst ítrekuðum afhendingum ákærða á fikniefnum til sín. Ákærði kvaðst engin fikniefni hafa afhent Kristjáni og vísaði enn til fyrri yfirlýsinga um að hafa engin slík efni meðhöndlað hér á landi.

Fram kom í yfirheyrslu yfir ákærða umræddan dag, að í mars 1978 hafi hann verið að koma á bifreið sinni frá Mexico til Bandaríkjanna og þá verið stöðvaður af tollvörðum á brú milli borganna El Paso og Juraez. hafi þá fundist í bifreið hans 50 eða 100 amfetamíntöflur, en því máli verið lokið á staðnum með því, að hann féllst á að greiða 50 bandaríska dollara í sekt.

Í þinghaldi 15. október 1979 lagði dómari tíu skriflegar spurningar fyrir ákærða, og verður hér getið þeirra, sem tangjast þessu máli, og svar ákærða við þeim.

Spurning nr. 3: Hvar, hvernig og hvenær kynntist Eyjólfur fyrst Sigurði P. Sverrissyni?

Svar ákærða: „Mætti kveðst ekki muna hvar varð upphaf kynna hans af Sigurði Páli Sverrissyni, enda varla geta sagt að hann þekki þann mann. Mætti kveðst aðspurður ekki útiloka að Kristján E. Gunnarsson hafi stuðlað að nefndum kynnum.

Mætti kveðst ekki hafa séð fikniefni í fórum Sigurðar þessa.“

Spurning nr. 4: Hvar, hvernig og hvenær kynntist Eyjólfur fyrst Kristjáni E. Gunnarssyni?

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst heldur ekki muna um upphaf sinna kynna af Kristjáni E. Gunnarssyni en sennilega hafi það orðið á sl. ári. Aðspurður kveðst mætti nokkrum sinnum hafa heimsótt nefndan Kristján á Kvisthaga en ekki geta tilgreint nein sérstök tilefni slíkra heimsókna. Mætti kveðst aldrei hafa séð Kristján þenna handleika fikniefni. Mætti segir Kristján þennan í e-m tilvikum hafa heimsótt mætta að Fálkagötu 3 en ekki muna nánar hvenær eða hversu oft.“

Spurning nr. 5: Hvar, hvernig og hvenær kynntist ákærði Eyjólfur fyrst Gry Ek Gunnarsson?

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst ekki þora að fullyrða um upphaf kynna sinna af Gry Ek Gunnarsson, en líklega ekki séð hana fyrst fyrr en nærri sl. jólum og einhvern tíma eftir það, en ekki muna hversu oft. Mætti bendir á að Gry þessi muni ekki hafa verið samfelld hér á landi.“

Spurning nr. 7: Hvers vegna lagði Kristján E. Gunnarsson 29. 5. sl. kr. 300.000.00 inn á ávísanareikning mætta nr. 407 við Samvinnubankann.

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst ekki tilgreina ástæður þess að Kristján E. Gunnarsson lagði 29. 5. sl. kr. 300.000.00 inn á ávísanareikning mætta nr. 407 við Samvinnubankann.

Um ástæður þeirrar synjunar segir mætti að hann treysti sér ekki til að fjalla um nefnda fjármunafærslu vegna sljóvgunar af langvarandi einangrun.“

Spurning nr. 8: Hvers vegna lagði Kristján E. Gunnarsson 20. 6. sl. kr. 160.000 inn á ávísanareikning nr. 13671 við Landsbanka Íslands og þannig á nafn Eyjólfss?

Bókað svar ákærða: „Mætti svara öllu hinu sama um þessa spurningu sem hina næstu á undan.“

Í þinghaldi 27. nóvember 1981 neitaði ákærði, að hann kannaðist við nokkur filmubox á sínum vegum á Fálkagötu 3 og þaðan af síður marihuana eða önnur fíkniefni. Skoðaði ákærði umrædd filmubox í dómnum og kvaðst að visu eiga myndavél, sem notaði sömu filmustærð og umrædd hylki bendi til, en að öðru leyti kvaðst hann ekki bera kennsl á hylkin eða innihald þeirra.

Ákærði afhenti dómara í þinghaldi þessu vélritaðan miða þar sem segir svo:

„Ég vil taka fram eftirfarandi, sem ég óska bókað:

Í yfirheyrslu fyrir tveimur árum var ég spurður um innborganir í banka-reikninga mína frá Kristjáni E. Gunnarssyni, kr. 300.000.00 í ávísanareikning nr. 407 í Samvinnubankanum á Saudárkróki og kr. 160.000.00 í ávísanareikning nr. 13671 í Vegamótaútibúi Landsbankans hér í Reykjavík. Ég neitaði þá að svara spurningum um þessar greiðslur. Sú neitun var til komin af því að ég var þá gæslufangi þessa dómstóls og mjög miður mín af þeirri einangrun og ömurleika, sem gæsluvarðhaldi fylgir, og er reyndar langt frá því að ég hafi jafnað mig heilsufarslega eftir þá meðhöndlun. Við þessar aðstæður treysti ég mér ekki til að svara umræddum spurningum, enda var mér ljóst að hér var um að ræða atriði sem til þess voru lagin að flækja mitt mál og túlka mér í óhag. Nú tel ég hins vegar rétt að taka fram, að umræddar innborganir eru greiðsla frá K. G. á láni sem ég veitti honum.“

Ákærði staðfesti þessa frásögn í dómnum. Hann kvaðst ekki muna nánar um heildarupphæð láns eða hvort endurgreiðslur hafi verið fleiri, en lánið hafi af sinni hálfu verið veitt í fleiri en einni greiðslu.

Þessi frásögn ákærða var borin undir Kristján Eggert Gunnarsson í þinghaldi 4. þ.m. Neitaði hann því, að greiðslur sínar inn á bankareikninga ákærða hefðu staðið í sambandi við lánveitingar ákærða til sín, og vísaði til fyrri framburða, sem hann kvað tæmandi og rétta um þetta mál.

Ákærði hélt á hinn bóginn fast við þennan framburð sinn. Hann var beðinn að gera nánari grein fyrir lánveitingu sinni til Kristjáns, svo sem

fjánhæð og endurgreiðslum. Hann kvaðst muna enn minna en áður um þessa hluti og vildi einungis vísa til fyrri framburðar síns um þetta.

Ekki náðist frekara samræmi í framburði ákærða og Kristjáns um þetta atriði.

Fram hefur komið hér að framan, að ákærði fór allmargar ferðir milli Íslands og Bandaríkjanna, eftir að hann hóf nám í síðarnefnda landinu. Í þinghaldi hinn 15. september 1979 skýrði hann svo frá um ferðir sínar, að fyrst hefði hann farið utan á árinu 1978, en komið heim í sumarleyfi, líklega 19. júní það ár. Hafi hann þá starfað hér í 2-3 vikur, en haldið þá í 10 daga skemmtiferð um Evrópu. Hafi hann síðan unnið hér, líklega í nokkrar vikur. Önnur ferðin til Bandaríkjanna hafi hafist 31. júlí 1978, að hann minnti, og hafi hann dvalið þar samfleytt til síðari hluta október, að hann kom heim öðru sinni á því ári. Hafi hann haft hér viðdöl u.þ. b. 10 daga, en þá haldið á ný til Bandaríkjanna. Nálægt jólum hafi hann svo enn á ný komið hingað til lands og dvalið hér þar til skömmu eftir áramót, eða til 15. janúar 1979. Næst hafi hann komið hingað í mars 1979 og dvalið eitthvað fram í apríl, eða í 2-3 vikur. Næst hafi hann komið hingað í lok maí og sennilega dvalið til 15. júní og þá enn haldið til Bandaríkjanna, en nú fremur til að ljúka ýmsum persónulegum erindum en vegna náms. Hafi hann síðan komið hingað aftur u.þ.b. 10. júlí og dvalið hér síðan. Hafi hann byrjað vinnu rétt fyrir mánaðamót júlí-ágúst sem lög- reglumáður á Sauðárkróki og unnið samfellt frá þeim tíma, en áður hafði hann í byrjun ársins 1979 unnið u.þ.b. eina viku við sömu störf.

Ákærði sagði að framangreindar ferðir sínar hingað heim hafi að heita má fallið saman við regluleg námsleyfi ytra nema í október, nóvember 1978, er hann segist hafa komið heim til að ganga frá víxillánum vegna bágs fjárhags um þær mundir.

Fyrir liggur í málinu, að margnefndir Kristján Eggert Gunnarsson og Sigurður Páll Sverrisson hafa báðir verið sakfelldir og hlotið dóma, m.a. fyrir viðskipti við ákærða, sem um getur í liðum II og III í ákæru máls þessa. Hins vegar var Kristján sýknaður af ákæru fyrir viðskipti þau er um getur í ákæru I.

## B.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem máli þykir skipta almennt við úrlausn máls þessa. Verður nú horfið að einstökum ákæru liðum og tek-in afstaða til þeirra.

I. Ákærða er hér gefið að sök að hafa um jólaleytið 1978 selt Kristjáni Eggert Gunnarssyni 1 gramm af amfetamíndufti á kr. 25.000 og 4-5 töflur af LSD á kr. 1.000 hverja töflu.

Umfram það, sem hér að framan er rakið úr framburðum Kristjáns

Eggerts Gunnarssonar um afhendingar ákærða á efnum til hans, kom fram hjá honum við yfirheyrslu 11. september 1979 að dag þann, er ákærði hafði fyrst samband við hann nálægt jólum 1978, hafi hann heimsótt ákærða að Fálkagötu 3. Hafi hann þá séð hjá ákærða hvítt duft í krukku, sem hann hafi áætlað 8 gr, en það sé þó hrein ágiskun. Hafi hann við þetta tæfæri keypt 1 gr af dufti þessu af ákærða fyrir kr. 25.000 og hafi ákærði vigtað þetta þarna á staðnum á nákvæmri vigt.

Við yfirheyrslu í dómi 20. september 1979 skýrði Kristján svo frá, að hann hefði dregið undan að skýra frá vissum þáttum fíkniefnamisferlis síns, sem hann vilji nú bæta úr. Skýrði hann svo frá, að öðru hvoru megin við jólin 1978 hafi hann séð og keypt hjá ákærða að Fálkagötu 3 4 eða 5 örmáar bláar töflur á kr. 1.000 hverja. Ákærði hafi óbedinn sýnt honum þetta og boðið fram sem LSD. Kristján lét tvo kunningja sína hafa sína töfluna hvorn, og töldu þeir efni þetta vera LSD, en hann vildi ekki nafngreina menn þessa. Hann kvað tilefni þessara viðskipta hafa verið það, að ákærði hafi verið að spyrja sig um söluhorfur nefndrar tegundar hér á landi.

Svo sem fyrr er rakið, neitar ákærði með öllu að hafa átt nokkur viðskipti við nefndan Kristján Eggert með fíkniefni, hvaða nafni sem þau nefnast.

#### *Niðurstaða.*

Um sölu ákærða á tilgreindu magni amfetamíns og LSD liggur ekkert annað fyrir í málinu en framburður Kristjáns Eggerts Gunnarssonar. Gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað í málinu, að viðskipti þau, sem hér er ákært út af, hafi átt sér stað. Verður ákærði því sýknaður af þessum ákærulið.

II. Ákærða er hér gefið að sök að hafa frá lokum febrúar fram í september 1979 selt margnefndum Kristjáni samtals 2600 grömm af marihuana á kr. 1.100-1.500 fyrir hvert gramm.

EKKI þykir ástæða til að rekja framburði eða gögn að því er varðar þennan ákærulið frekar en gert hefur verið hér að framan.

#### *Niðurstaða.*

Raktir hafa verið framburðir Kristjáns Eggerts Gunnarssonar, þar sem hann skýrir frá kaupum sínum á tilgreindu magni af marihuana af ákærða á tímabili því er þessi ákæruliður tekur til. Ákærði hefur með öllu neitað því, að umrædd viðskipti hafi átt sér stað. Í málinu hefur engu að síður ýmislegt komið fram, sem styður frásögn Kristjáns og skulu hér talin upp eftirfarandi atriði:

a. Sannreynd hefur verið sú fullyrðing Kristjáns, að hann hafi lagt fé inn á bankareikninga ákærða, svo sem áður er rakið, en slíkar greiðslur áttu sér stað 29. 5 og 20. 6. 1979, samtals að fjárhæð gkr. 460.000. Kristján

fullyrðir, að greiðslur þessar séu fyrir marihuana, er hann fékk hjá ákærða. ákærði neitaði við rannsókn málsins í upphafi að gefa skýringar á greiðslum þessum. Rúmum tveimur árum síðar gaf hann hins vegar skýringu, sem hann hefur ekki stutt neinum gögnum og telja verður tortryggilega.

b. Framburðir Kristjáns um viðskipti við ákærða virðast í megindráttum koma heim og saman við framburð ákærða um ferðir sínar hingað til lands.

c. Framburður Bryndísar Björnsdóttur Bender er ótvírætt mjög til styrkingar framburði Kristjáns um eina afhendingu ákærða á efni til hans enda þótt framburður hennar almennt sé nokkuð reikull.

d. Fundur lögreglu á marihuana á dvalarstað ákærða að Fálkagötu 3 rennir mjög stóðum undir það, að hann hafi haft slíkt efni undir höndum.

e. Framburður Gry Ek Gunnarsson styður framburð eiginmanns hennar, Kristjáns, enda þótt hún hafi aldrei verið sjálf vitni að viðskiptum þeirra ákærða.

f. Framburður Sigurðar Páls Sverrissonar um það, að Kristján hafi komið á sambandi milli hans og ákærða með fíkniefnaviðskipti í huga, er í samræmi við framburð Kristjáns og styrkir þann framburð hans, að þeir ákærði hafi átt viðskipti saman með marihuana.

g. Framburðir Holbergs Mátssonar og Bryndísar Björnsdóttur Bender benda mjög til þess, að ákærði hafi meðhöndlað fíkniefni í því skyni að versla með þau.

h. Tíðar ferðir ákærða milli Bandaríkjanna og Íslands hljóta að teljast tortryggilegar, þegar námsmaður á í hlut.

i. Ákærði hefur kannast við að þekkja Kristján Eggert Gunnarsson, en hefur ekki skýrt nánar kunningsskap þeirra.

Telja verður, að framburður Kristjáns Eggerts Gunnarssonar um viðskipti við ákærða hafi verið stöðugur við rannsókn málsins, þótt hann bætti ýmsu við eftir því sem leið á rannsóknina. Er ekki að sjá, að neitt sérstakt hafi komið fram, sem varpi rýrð á framburð hans.

Þegar allt framanritað er virt, þykja hafa komið fram svo veigamikil atviki til stuðnings framburði Kristjáns Eggerts Gunnarssonar, að telja verði fyllilega sannað í málinu, að ákærði hafi á umræddu tímabili á árinu 1979 selt honum marihuana í einhverjum mæli fyrir kr. 1.100-1500 hvert gramm, en ekki þykir þó óhætt að slá föstu hvert heildarmagnið var.

III. Ákærða er hér gefið að sök að hafa í júlí og ágúst 1979 selt Sigurði Páli Sverrissyni allt að 600 grömm af marihuana fyrir kr. 2.300 hvert gramm.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem talið er skipta máli við úrlausn þessa ákæruliðar.

*Niðurstaða.*

Svo sem rakið hefur verið hefur Sigurður Páll Sverrisson staðfastlega haldið því fram, að hann hafi fyrir milligöngu Kristjáns Eggerts Gunnarssonar komist í samband við ákærða og keypt af honum tilgreint magn af marihuana. Þessi framburður hans er studdur framburði Kristjáns, sem ber, að hann hafi komið sambandi á milli ákærða og Sigurðar Páls, er hann sjálfur fór ásamt eiginkonu sinni til útlanda. Þá hefur Kristján borið að hafa frétt frá Sigurði eftir heimkomu sína af einhverjum viðskiptum milli þeirra ákærða um léleg gæði efnis að mati Sigurðar, og er það í samræmi við framburð Sigurðar. Þá hefur Gry Ek, eiginkona Kristjáns, borið, að hann hafi tjáð sér, að Sigurður hafi átt viðskipti við ákærða, er þau voru í Bandaríkjunum. Til stuðnings framburði Sigurðar má hér og tilfæra atriði, sem tilgreind voru undir liðum d, g og h, þegar fjallað var um ákærulið II hér að framan.

Ákærði hefur neitað með öllu að hafa átt viðskipti með fíkniefni við Sigurð Pál Sverrisson. Hann hefur jatað að kannast við Sigurð og ekki útilokað, að kynni hafi tekist milli þeirra fyrir milligöngu Kristjáns.

Með hliðsjón af framburðum þeirra Sigurðar Páls og Kristjáns Eggerts þykir óhætt að telja upplýst, að kynni hafi stofnast milli hins fyrrnefnda og ákærða fyrir milligöngu Kristjáns og hafi þessum kynnum verið komið á með fíkniefnaviðskipti í huga. Þrátt fyrir það þykja ekki fram komin slík óyggjandi atriði í málinu um, að þessi viðskipti hafi raunverulega átt sér stað, að unnt verði að telja þau sönnuð gegn neitun ákærða. Verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið fundinn sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök undir ákærulið II, þó þannig, að ekki er slegið föstu um heildarmagn á seldu efni. Varðar þetta atferli ákærða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974. Ákvæðum laga nr. 60, 1980, sem vísað er til í ákæru, verður ekki beitt hér, sbr. 2. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940. Að öðru leyti er ákærði sýknaður af ákærinni.

## C.

*Ákvörðun viðurlaga.*

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum hér á landi, svo kunnugt sé. Fram hefur komið í málinu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlotið 50 dollara sekt í Bandaríkjunum, er hann var með allt að 100 lyfjatöflum, amfetamín að hans eigin sögn, í bifreið sinni, er hann var að koma inn í landið frá Mexico.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Frá henni

skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. september-20. október 1979.

Þá þykir og rétt að dæma ákærða til greiðslu sektar í ríkissjóð, kr. 10.000.-, og komi varðhald í 20 daga í sektarinnar stað, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Þá ber og skv. 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 að taka til greina kröfu ákærvalds um upptöku á filmuboxum þeim, sem fundust að Fálka-götu 3 6. september 1979 og innihaldi þeirra.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.-.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Eyjólfur Örn Jóhannsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans 6. september - 20 október 1979.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, kr. 10.000.-, og komi 20 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birting dóms þessa.

Upptæk skulu gerð framangreind 3 filmubox ásamt innihaldi þeirra.

Ákærði greiði kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 20.000.-.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 59/1984. **Ákærvaldið**

gegn

**William James Scobie**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.